



## HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

### D Ó M U R

13. júní 2017

Mál nr. **E-3627/2016:**

Stefnandi: **Berglind Arnardóttir**

(*Auður Björg Jónsdóttir hrl.*)

Stefndi: **Reykjavíkurborg**

(*Benedikt Hallgrímsson hdl.*)

Dómari: **Ásmundur Helgason héraðsdómari**

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 2017 í máli nr. E-3627/2016:

**Berglind Arnardóttir**

*(Auður Björg Jónsdóttir hrl.)*

**gegn**

**Reykjavíkurborg**

*(Benedikt Hallgrímsson hdl.)*

## I

Mál þetta, sem var dómtekið 16. maí sl., er höfðað 4. nóvember 2016 af Berglindi Arnardóttur, Fannafold 51, Reykjavík, gegn Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 1.216.621 krónu með almennum vöxtum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. nóvember 2012 til 5. október 2016, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 71.364 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 4. desember 2016 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 179.716 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 4. desember 2016 til greiðsludags.

Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Stefnda krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt mati dómsins.

## II

Málavextir eru þeir að stefnandi, sem starfaði sem leikskólakennari á leikskólanum Sólborg frá október 2011 til maí 2016, lenti í vinnuslysi 6. nóvember 2012 er hún stóð við rólur og ýtti börnum sem í þeim sátu. Í málinu er óumdeilt að stefnandi var slysatryggð á tjónsdegi samkvæmt 8. gr. kjarasamnings Eflingar við Reykjavíkurborg en hún starfaði í 95% starfi hjá stefndu á þessum tíma. Að sögn stefnanda átti slysið sér stað með þeim hætti að barn lagðist á grúfu fyrir aftan hana án hennar vitundar og er hún steig aftur fyrir sig féll hún um barnið og lenti illa á bakinu. Kveðst hún hafa stífnað upp við fallið og fljótlega fundið mikið til í baki og tekið við því bólgueyðandi lyf. Þar sem bakverkir stefnanda hafi versnað næstu daga á eftir

leitaði hún til sjúkraþjálfara 13. nóvember 2012 og í framhaldinu til heimilislæknis síns 15. nóvember s.á. og fékk þar frekari tilvísun í sjúkraþjálfun.

Stefnandi kveður yfirmann sinn hafa tjáð sér að hún hafi fyllt út tjonstilkynningu þegar í kjölfar slyssins og sent Sjúkratryggingum Íslands. Tilkynningin hafi hins vegar tynst og því aldrei borist stofnuninni. Haustið 2015 leitaði stefnandi til lögmanns í því skyni að kanna mögulegan bótarétt sinn vegna slyssins 6. nóvember 2012. Slysið var í kjölfarið fyrst formlega tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands með því að lögmaður stefnanda fyllti út nýja tilkynningu fyrir hennar hönd, dags. 25. maí 2016, og var hún móttækin hjá stofnuninni 20. júní s.á.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefndu, dags. 18. nóvember 2015, var gerð krafa um slysabætur fyrir hönd stefnanda úr slysatryggingu á grundvelli framangreinds kjarasamnings. Ekki var upplýst hvenær slysið átti sér stað. Með svarbréfi stefndu, dags. 23. nóvember s.á., var bent á að samkvæmt 8. kafla kjarasamningsins giltu um skilmála slysatryggingarinnar reglur nr. sl-1/90, um slys í starfi, og nr. sl-2/90, um slys utan starfs/frítímaslys, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 5. júní 1990. Fyrirgreindu reglurnar ættu við um slysabætur fyrir umrætt slys. Fram kom að engin afstaða yrði hins vegar tekin um mögulega bótaskyldu fyrr en öll gögn og upplýsingar lægju fyrir. Sérstök athygli var þó vakin á því í bréfinu að í ljósi þess hve langt væri liðið frá slysinu væri nauðsynlegt að afla örorkumatsgerðar innan þriggja ára frá slysi, sbr. tölulið 3.8 í 10. gr. framangreindra reglna.

Með tölvubréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefndu, dags. 1. desember 2015, var óskað eftir því að stefnda greiddi fyrir vottorð vegna læknismeðferðar stefnanda. Einnig var óskað eftir því að stefnandi gengist undir örorkumat. Lögmaður stefnanda kvaðst jafnframt ekki fá séð að bótaskylda stefndu félli niður þótt mat á örorku stefnanda hefði enn ekki farið fram. Í svarbréfum lögmanns stefndu, dags. 1. desember 2015 og 11. janúar 2016, kom meðal annars fram að reikningar vegna ákveðinna vottorða yrðu greiddir þegar öll gögn lægju fyrir og tímabært yrði að leggja mat á hugsanlega bótaskyldu stefndu. Þá var upplýst að stefnda stæði ekki sérstaklega að mati í slysamálum af þessu tagi og matsgerðir væru unnar á ábyrgð tjonþola. Að lokum kom fram í svarbréfinu að samkvæmt tilteknum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur félli bótaskylda niður fyrir tómlætis sakir væri matsvinna ekki hafin innan þriggja ára frá slysdegi.

Lögmaður stefnanda lýsti sig ósammála þessari túlkun í svarbréfi, dags. 11. janúar 2016, og taldi dóminn fela í sér að 10. gr. reglna nr. sl-1/90 bæri að skilja þannig að hún mælti fyrir um að ástand tjonþola á tilteknum tíma skyldi metið. Þannig yrðu þær læknisfræðilegu skoðanir, sem stefnandi gengist undir og matsbeiðni byggði á, að hafa átt sér stað innan þriggja ára frá slysi. Þá innti lögmaður stefnanda lögmann stefndu jafnframt eftir því hvort sá síðarnefndi myndi standa straum af kostnaði vegna öflunar

sameiginlegrar matsgerðar. Í svarbréfi lögmanns stefndu, dagsettu sama dag, kom fram að stefnda greiddi kostnað vegna slíkrar matsgerðar yrði fallist á bótaskyldu af hennar hálfu en að öðru leyti væri matsgerð unnin á ábyrgð tjónþola.

Í framhaldi af þessu óskaði lögmaður stefnanda eftir læknisvottorði frá heimilislækni hennar, Gunnari A. Baarregaard. Í vottorði hans, dags. 13. maí 2016, kemur fram að stefnandi hafi komið í skoðun 15. nóvember 2012. Þar greinir jafnframt frá því að stefnandi hefði þjáðst af bakverkjum í lengri tíma sem hefðu komið og farið en hefðu skyndilega versnað eftir fall tveimur vikum áður og hún verið slæm af verkjum „sacralt [hægra] megin“. Sökum þessa fékk stefnandi tilvísun í sjúkrahjálfun. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir skýrsla Péturs E. Jónssonar sjúkrahjálfara, dags. 7. febrúar 2016. Í niðurstöðu hans kemur fram að stefnandi hafi átt erfitt með að sitja lengi, standa kyrr og liggja eftir slysið. Hún hafi einnig átt erfitt með að sofa vegna verkja í mjaðmagrind og þegar verst lét hafi verkir leitt upp í brjóstbak. Þremur árum eftir slys hafi einkenni stefnanda enn verið til staðar og hún reglulega verið háð sérfhæfðri verkjameðferð til að geta sinnt daglegu lífi. Stefnandi hafi þurft að vera varkár við ýmsar aðstæður og sem dæmi hafi hún átt erfitt með húsværk og öll inngríp sem reynt hafi á bakið. Þegar slíkt hafi gerst hafi stefnandi átt erfitt með að hreyfa sig í nokkra daga vegna verkja.

Þá óskaði lögmaður stefnanda einnig eftir örorkumatsgerð samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 með ódagsettri matsbeiðni sem barst matsmanni 7. júní 2016. Ragnar Jónsson bæklunarskurðlæknir var fenginn til að meta örorku stefnanda. Í matsgerð hans, dags. 2. september 2016, kemur meðal annars fram að núverandi einkenni stefnanda lýsi sér í verkjum neðst í mjóbaki sem leiði upp og til hliðar. Stefnandi eigi erfitt með hreyfingar og verkir versni við að sitja og standa. Þá þjáist stefnandi af viðvarandi verkjum og fái inn á milli slæm verkjaköst. Í samantekt matsgerðar kemur fram að samkvæmt framlögðum gögnum eigi stefnandi sér margra ára sögu um bakverki og hafi meðal annars gengist undir deyfingarmeðferð í Orkuhúsinu og verið í sjúkrahjálfun. Verkir hafi versnað í kjölfar slyssins 6. nóvember 2012 og samkvæmt niðurstöðu matsmanns væri varanlegur miski stefnanda vegna afleiðinga slyssins 3 stig og varanleg örorka 6%.

Í kjölfar þess að örorkumatsgerð lá fyrir gerði lögmaður stefnanda kröfu um bætur úr fyrrnefndri slysatryggingu á grundvelli kjarasamnings Eflingar við Reykjavíkurborg, með bréfi til stefndu 5. september 2016. Með svarbréfi stefndu 15. september 2016 var bótaskyldu hafnað, meðal annars með vísan til þess að stefnandi hefði ekki tilkynnt um slysið til embættis borgarlögmanns eins fljótt og unnt væri, sbr. 2. tölulið 8. gr. í reglum nr. sl-1/90, og því hafnað að vinnuveitandi stefnanda bæri ábyrgð á því að tilkynning um slys stefnanda hefði ekki borist stefndu. Þá var áréttað að örorkumats hefði ekki verið aflað innan þriggja ára frá slysinu í samræmi við

áðurnefndan tölulið 3.8 í 10. gr. reglnanna. Að mati stefndu hefði stefnandi því fyrirgert bótarétti sínum með vísan til framangreindra ástæðna.

### III

#### 1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að óumdeilt sé að hún hafi starfað á grundvelli kjarasamnings Eflingar við Reykjavíkurborg og verið slysatryggð samkvæmt 8. kafla samningsins. Þá hafi hún verið metin af Ragnari Jónssyni bæklunarskurðlækni til 6% örorku og hafi mat hans ekki sætt mótmælum af hálfu stefndu. Ágreiningur sé hins vegar með aðilum um hvort túlka beri 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90 eins og stefnda haldi fram, þannig að það leiði til þess að stefnandi glati bótarétti sínum þar sem matsbeiðni hafi ekki verið send af stað innan þriggja ára frá slysdegi, eða eins og stefnandi telji rétt að leggja til grundvallar, þannig að nægilegt sé að örorkumatið miði við ástand stefnanda líkt og það hafi verið innan þriggja ára frá slysdegi.

Stefnandi mótmælir því að hún hafi fyrirgert bótarétti sínum með því að matsgerð hafi ekki legið fyrir innan þriggja ára frá slysdegi. Telur hún að túlkun stefndu á 10. gr. reglna nr. sl-1/90 sé röng því samkvæmt forsendum héraðsdóms í máli nr. E-683/2015 sé nægilegt að matsgerð sé miðuð við lýsingar lækna/sérfræðinga á ástandi tjónþola innan þriggja ára frá slysi. Þau gögn sem matsmaður hafi byggt mat sitt á séu vottorð frá Gunnari Baaregaard heimilislækni og ítarlegt vottorð Péturs E. Jónssonar sjúkraþjálfara, en þau lýsi ástandi stefnanda eins og það hafi verið áður en þrjú ár voru liðin frá slysdegi. Þar með telur stefnandi skilyrði 10. gr. reglna nr. sl-1/90 uppfyllt.

Í 1. tölulið 10. gr. framangreindra reglna sé kveðið á um að valdi slys þeim sem tryggður sé varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð séu bætur greiddar. Stefnandi byggir á því að slysið hafi sannanlega valdið henni varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að það átti sér stað, sbr. fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn málsins og matsgerð. Skilyrði 1. töluliðar 10. gr. séu þannig uppfyllt. Í 3. tölulið 10. gr. reglnanna komi hins vegar fram hvaða reglum eigi að fylgja við ákvörðun örorku og í nokkrum töluliðum við ákvæðið sé talið upp hvernig örorkumat eigi að fara fram. Í ljósi yfirskriftar töluliðarins hafi stefnandi ekki getað ímyndað sér að þar gæti verið dulin regla sem leiddi til þess að aflaði hún ekki örorkumats innan ákveðins tíma myndi hún glata með öllu bótarétti sínum. Þvert á móti telur stefnandi að 3. töluliður 10. gr. reglnanna feli í sér reglur fyrir sérfræðinga til að fylgja þegar þeir meta viðkomandi tjónþola örorkumati. Í tölulið 3.6 í 10. gr. komi fram að óska megi eftir frestun á örorkumati í þrjú ár og í tölulið 3.8 í sömu grein sé kveðið á um að örorkumat skuli framkvæmt innan þriggja ára frá slysdegi. Stefnandi byggir á því að

ákvæði þessi séu almennar leiðbeiningarreglur en setji ekki það skilyrði að matsgerð þurfi að liggja fyrir innan þriggja ára frá slysdegi.

Stefnandi byggir á því að túlkun stefndu á 10. gr. geti ekki staðist fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ekki komi fram í reglum nr. sl-1/90, hvorki í 10. gr. né í öðrum ákvæðum þeirra, hvaða afleiðingar það hafi sé varanleg læknisfræðileg örorka ekki metin innan þriggja ára frá slysdegi. Til samanburðar segi t.d. skýrum stöfum í 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, að tjónþoli glati bótarétti sínum tilkynni hann ekki um váttryggingaratburð til váttryggingarfélags innan tilgreinds frests. Ekkert segi um það í tölulið 3.8 í 10. gr. reglnanna. Þá sé ekki unnt að túlka einhliða samdar reglur stefndu Reykjavíkurborg í hag þannig að það varði missi bótaréttar hafi örorka ekki verið metin innan þriggja ára. Í því sambandi megi einnig líta til þess að langan tíma geti tekið að fá vottorð frá læknum og öðrum sérfræðingum og afar ósanngjarnt að það bitni á tjónþolum. Þar sem hvergi sé tiltekið í reglunum að tjónþolar fyrirgeri rétti sínum til bóta leggi þeir ekki fram matsgerð innan þriggja ára frá slysdegi sé ekki unnt að fallast á þá túlkun á 10. gr. sem stefnda leggi til grundvallar.

Stefnandi byggir að auki á því að túlkun stefndu á 10. gr. sé í ósamræmi við önnur ákvæði reglna nr. sl-1/90. Í fyrsta lagi sé túlkunin í ósamræmi við fyrningarákvæði 13. gr. reglnanna en krafa stefnanda sé ekki fyrnd samkvæmt því ákvæði. Stefnandi byggir á því að það sé til lítills að hafa ákvæði um að fyrningarfrestur krafna samkvæmt reglunum sé fjögur ár frá því að tjónþola hafi orðið kunnugt um kröfu sína, sé rétt túlkun á 10. gr. sú að kröfur fyrnist í raun og veru á skemmri tíma í þeim tilfellum sem örorkumatsgerð hafi ekki verið skilað til stefndu innan þriggja ára frá slysdegi.

Í öðru lagi telur stefnandi að túlkun stefndu á 10. gr. sé í ósamræmi við 8. gr. reglnanna þar sem taldar séu upp þær ráðstafanir sem tjónþola beri að viðhafa eftir slys svo sem að leita til læknis strax og beina tilkynningu til stefndu eins fljótt og auðið er. Hvergi sé tilgreint í 8. gr. að tjónþola beri sérstök skylda til að leggja fram matsgerð innan þriggja ára frá slysdegi, ella glati hann bótarétti. Væri sú krafa gerð til tjónþola, líkt og stefnda haldi fram, væri eðlilegt að það væri tekið fram í 8. gr. reglnanna. Í þessu sambandi megi benda á að stefnandi hafi talið sig vera að tilkynna með réttum hætti er hún, ásamt vinnuveitanda sínum, skrifaði undir slysatilkynningu en vinnuveitandi virðist svo hafa týnt tilkynningunni.

Í þriðja lagi telur stefnandi að túlkun stefndu á 10. gr. sé í ósamræmi við 12. gr. reglnanna þar sem segi að bætur greiðist eftir að læknisvottorð og nauðsynleg sönnunargögn fyrir bótaskyldu hafi borist og unnt sé að ákvarða upphæð bótanna. Ekki verði ráðið af 12. gr. að áskilið sé að matsgerð liggja fyrir innan þriggja ára frá slysi til þess að bætur greiðist. Þá samrýmist túlkun stefndu ekki tölulið 3.6 í 10. gr.

þar sem ekki sé raunhæft að heimila frestun örorkumats í þrjú ár, en gera á sama tíma þá kröfu að afurð slíks mats, þ.e. matsgerð, liggi fyrir innan þriggja ára frá slysi.

Til stuðnings öllu framangreindu bendir stefnandi á að skilmálarnir í reglum nr. sl-1/90 séu einhliða samdir af stefndu. Allan vafa um túlkun ákvæða skilmálanna beri því að túlka stefnanda í vil í samræmi við meginreglur íslensks samningaréttar. Hafi ætlun stefndu með setningu skilmálanna verið sú að svipta þá starfsmenn sína bótarétti sem ekki legðu fram matsgerð innan þriggja ára frá slysi, hefði stefnda þurft að kveða mun skýrar á um það í ákvæðum skilmálanna. Að öllu framangreindu virtu, og samkvæmt ákvæðum skilmála í reglum nr. sl-1/90, telur stefnandi að hún eigi rétt á bótum úr kjarasamningsbundinni slysaftryggingu starfsmanna stefndu.

Stefnandi byggir á því að varanleg læknisfræðileg örorka hennar sé sönnuð með framlögðum læknisfræðilegum gögnum og fyrirliggjandi matsgerðum sem ekki hafi verið hnekkt. Samkvæmt örorkumatsgerð Ragnars 2. september 2016 hafi stefnandi hlotið varanleg einkenni í baki við slysið og sé varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda í kjölfar slyssins metin 6%.

Dómkrafa stefnanda taki mið af því að hún eigi rétt á slysabótum sem nemi 6% af váttryggingarfjárhæð þeirri sem tilgreind sé í gr. 8.2 í kjarasamningi Eflingar og stefndu frá 1. maí 2011, sbr. reglur sl-1/90. Sú fjárhæð hafi verið framreiknuð í samræmi við vísitölu á þann hátt sem áskilið sé í 11. gr. reglna nr. sl-1/90. Í kjarasamningnum sé tryggingarfjárhæðin, 17.665.648 krónur, miðuð við vísitölu neysluverðs í apríl 2011. Tryggingarfjárhæðin nemi 20.277.099 krónum framreiknuð til 6. nóvember 2015 miðað við að ekki sé heimilt að framreikna til lengri tíma en þriggja ára frá slysi. Krafa stefnanda reiknist því á eftirfarandi hátt:

$$17.665.648/374,1*429,4 = 20.277.099$$

$$20.277.099 * 0,6 = \underline{1.216.621 \text{ króna}}$$

Stefnandi byggir á því að krafan eigi að bera almenna vexti samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2012 til 5. október 2016, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara beri krafan dráttarvexti frá þeim degi er mánuður hafi verið liðinn frá því að málið var höfðað, þ.e. frá 4. desember 2016, til greiðsludags.

Stefnandi gerir enn fremur kröfu um að stefnda verði dæmd til að greiða 31.364 krónur vegna vottorðs sjúkraþjálfara, 10.000 krónur vegna vottorðs heimilislæknis og 30.000 krónur vegna matsgerðar Ragnars Jónssonar. Til stuðnings þeirri kröfu vísar stefnandi til 7. mgr. 8. gr. reglna Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90. Þar komi fram að váttryggður fái endurgreidd nauðsynleg læknisvottorð. Að mati stefnanda beri stefndu að greiða þennan kostnað jafnvel þótt stefnda verði ekki talin bótaskyld. Bendir stefnandi í því sambandi á að henni hafi, að kröfu stefndu, verið nauðsynlegt að afla

læknisvottorða í því skyni að stefnda gæti lagt mat á bótaskyldu stefnanda. Hún hafi þó byggt synjun sína á röksemdum sem hafi ekkert með læknisvottorðin eða matsgerðina að gera. Telur stefnandi að stefndu hafi verið í lófa lagið að hafna bótaskyldu strax í upphafi miðað við afstöðu sína í dag.

Vegna kröfu sinnar um útlagðan sjúkrakostnað að fjárhæð 179.716 krónur vekur stefnandi athygli á því að vinnuveitandi hennar hafi týnt tjónstilkynningu sem skila hafi átt til Sjúkratrygginga Íslands. Að beiðni lögmanns stefnanda hafi yfirmaður hennar undirritað tjónstilkynningu að nýju 20. júní 2016. Vegna fyrningarreglna greiði Sjúkratryggingar Íslands aðeins kostnað sem fallið hafi til á næstliðnum tveimur árum frá því að öll nauðsynleg skjöl hafa borist stofnuninni. Sökum stórkostlegs gáleysis yfirmanna á leikskólanum Sólborgu fái stefnandi ekki greiddan útlagðan sjúkrakostnað sinn frá slysdegi til 20. júní 2014.

Stefnandi telur að stefnda beri vinnuveitendaábyrgð á þessum mistökum yfirmanns leikskólans og að stefndu beri að bæta sér það tjón sem þessi mistök hafi valdið henni á grundvelli hinnar almennu sakarreglu. Stefnandi hafi ekki lengur undir höndum reikninga frá 2012 og 2013, en þeir reikningar sem hún eigi afrit af og fái ekki endurgreidda frá Sjúkratryggingum Íslands vegna þessara mistaka séu eftirfarandi:

1. Læknasetrið, dags. 20. mars 2014	kr.	5.881.
2. Læknasetrið, dags. 20. febrúar 2014	kr.	5.881.
3. Læknasetrið, dags. 20. mars 2014	kr.	5.881.
4. Læknasetrið, dags. 20. mars 2014	kr.	2.100.
5. Læknasetrið, dags. 20. febrúar 2014	kr.	5.881.
6. Myndgreining, dags. 4. júní 2014	kr.	26.100
7. Myndgreining, dags. 27. mars 2013	kr.	13.162.
8. Sjúkraþjálfun skv. yfirliti fyrir 20. júní 2014	kr.	120.711.

Alls kveður stefnandi samtölu þessara reikninga nema 179.716 krónum en krafist sé dráttarvaxta af fjárhæðinni frá 4. desember 2016 en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að málið var höfðað. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Um lagarök vísar stefnandi til 8. kafla kjarasamnings Eflingar og Reykjavíkurborgar frá 1. maí 2011 og fyrrgreindra reglna Reykjavíkurborgar nr. sl-1/90. Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi til meginreglna váttrygginga- og samningaréttar. Um ábyrgð vegna mistaka stefndu við tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands er vísað til sakarreglu hins almenna skaðabótaréttar og til reglna um vinnuveitendaábyrgð. Um aðild stefndu er vísað til III. kafla laga nr. 91/1991, en sveitarfélagið sé greiðsluskylt vegna kjarasamningsbundinnar skyldu sinnar til þess að



kaupa slysatryggingu fyrir starfsmenn sína. Varðandi málskostnað vísar stefnandi til ákvæða 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggir loks á ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

## 2. Málsástæður og lagarök stefndu

Af hálfu stefndu er öllum kröfum og málsástæðum stefnanda mótmælt sem ósönnuðum og röngum. Stefnda byggir í fyrsta lagi á því að stefnandi eigi ekki rétt á greiðslu bóta úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu, sbr. reglur nr. sl-1/90, þar sem stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr tryggingunni fyrir tómlætis sakir. Stefnda byggir þessa málsástæðu fyrst og fremst á því að stefnandi hafi látið hjá líða að undirgangast örorkumat innan þriggja ára frá því að atvikið varð eins og afdráttarlaust er áskilið í ákvæðum reglna nr. sl-1/90. Stefnda tekur fram að bent hafi verið á þennan áskilnað í bréfi til stefnanda 15. september 2016. Í 10. gr., tölulið 3.6, segi að hægt sé að fresta endanlegu örorkumati, telji slasaði eða stefnda að örorkan geti breyst, í að hámarki þrjú ár frá slysdegi. Þá segi tölulið 3.8 í sömu grein að undantekningarlaust skuli framkvæma örorkumat innan þriggja ára frá slysdegi. Þar sem stefnandi hafi ekki gengist undir örorkumat innan fyrrnefnds tímafrests hafi hún að mati stefndu fyrirgert rétti sínum til bóta á grundvelli reglna nr. sl-1/90.

Stefnda telur að 1. tölulið í 10. gr. reglnanna verði að lesa í samhengi við töluliði 3.6 og 3.8 í reglum nr. sl-1/90, enda sé orðalag þeirra ákvæða afdráttarlaust um að mat á afleiðingum slyss skuli framkvæmt innan þriggja ára frá slysdegi. Stefnda hafnar því að síðargreindu reglurnar feli aðeins í sér almennar leiðbeiningarreglur líkt og stefnandi haldi fram. Þá mótmælir stefnda þeirri túlkun stefnanda að nægilegt sé, til að uppfylla ákvæði 10. gr. reglna nr. sl-1/90, að matsgerð sé miðuð við lýsingu lækna eða sérfræðinga á ástandi tjónþola innan þriggja ára frá slysi, sem rangri og í ósamræmi við skýrt orðalag ákvæðisins og hafi stefnanda verið í lófa lagið að kynna sér það. Sú túlkun stefnanda gangi einnig þvert á dómaframkvæmd sem staðfest hafi túlkun stefndu á inntaki reglnanna.

Stefnda hafnar alfarið þeirri fullyrðingu stefnanda, að þar sem ekki komi fram í reglum nr. sl-1/90 hvaða afleiðingar það hafi sé varanleg læknisfræðileg örorka ekki metin innan þriggja ára frá slysdegi, þá hafi stefnandi ekki fyrirgert rétti sínum til bóta. Að mati stefndu sé orðalag fyrrnefndra ákvæða afdráttarlaust um að endanlegu örorkumati verði ekki frestað lengur en í þrjú ár frá slysdegi og að undantekningarlaust skuli framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slys. Í ákvæðunum felist ófrávíkjanleg skilyrði sem uppfylla verði til að bótaskylda stofnist á grundvelli kjarasamningsbundinnar slysatryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. reglur nr. sl-1/90. Í þessu sambandi bendir stefnda sérstaklega á að engar málefnalegar ástæður liggi fyrir af hálfu stefnanda sem skýri eða réttlæti langvarandi

tómlæti af hennar hálfu. Einværta hluta vegna hafi stefnandi ekki nýtt sér rétt sinn til þess að undirgangast örorkumat innan tilskilins frests og hafi ekkert upplýst um ástæður þess að svo hafi ekki verið gert. Þá liggja heldur ekki fyrir að nokkuð hafi staðið því í vegi að stefnandi færi í örorkumat innan framangreinds frests og verði stefnandi því að bera hallann af því að svo hafi ekki verið gert. Að mati stefndu hafi stefnanda verið í lófa lagið að kynna sér skilmála slysaftryggingarinnar sem hvorki séu óeðlilegir né óvenjulegir á þessu sviði.

Þá mótmælir stefnda því sem fram komi af hálfu stefnanda að 10. gr. sé ekki í samræmi við 13. gr. reglnanna um fyrningu. Síðarnefnt ákvæði kveði á um fjögurra ára fyrningarfrest krafna á grundvelli reglnanna frá lokum þess árs er kröfuhafi fái vitneskju um kröfu sína og eigi þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Hefði stefnandi aflað nauðsynlegra læknisvottorða í tæka tíð og hafið framkvæmd örorkumats fyrir lok tímafrests töluliðar 3.8 í 10. gr. hefði fyrningarfrestur 13. gr. tekið að líða frá þeim tíma og varað umfram tímafrest fyrrgreinds töluliðar. Fyrningarfrestur 13. gr. reglnanna hafi því bersýnilega sjálfstæða þýðingu og minnki á engan hátt vægi eða gildi töluliðar 3.8 í 10. gr. reglnanna.

Stefnda hafnar því að hún túlki reglur nr. sl-1/90 á of þröngan og íþyngjandi hátt fyrir tjónþola og telur þvert á móti að umþrætt ákvæði reglnanna séu skýr og geti ekki talið óeðlileg eða óvenjuleg. Engin rök hafi verið færð fyrir því að víkja frá þeim í tilvikum stefnanda. Þá sé því hafnað sem röngu að reglur nr. sl-1/90 séu samdar einhliða af stefndu og án aðkomu stéttarfélaga. Fyrirnefndar reglur séu hluti af kjarasamningum sem stéttarfélög geri við stefndu. Því hafi viðsemjendur stefndu og félagsmenn þeirra fallist á efni reglnanna hverju sinni með samþykkt einstakra kjarasamninga. Ákvæði 10. gr., töluliðar 3.8, í reglunum leggi þá skyldu á herðar tjónþola að hann undirgangist örorkumat og hlutist til um að framkvæmd þess hefjist innan þriggja ára frá slysdegi, enda sé það á hans valdi og ábyrgð að gera sér grein fyrir því hvort sú vitneskja sem hann búi yfir um eigið heilsufar vegna afleiðinga slyss veiti honum rétt til bóta úr kjarasamningsbundinni slysaftryggingu. Óhjákvæmilegt sé að skipa reglum með þessum hætti, enda verði að ætlast til þess að váttryggður hafi sjálfur varann á sér í þessum efnum og í raun sé ekki öðrum til að dreifa. Því verði stefnandi að bera hallann af því að hafa ekki gengist undir örorkumat innan þriggja ára frá slysdegi eins og áskilið sé í reglum sl-1/90.

Stefnda byggir í öðru lagi á því að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu útlagðs kostnaðar á grundvelli reglna nr. sl-1/90. Stefnda hafnar því að stefnandi eigi rétt á því að fá umrædd vottorð endurgreidd samkvæmt 7. mgr. 8. gr. reglnanna þegar af þeirri ástæðu að hún hafi fyrirgert rétti sínum til slysabóta á grundvelli sömu reglna. Þegar tjónþoli missi rétt sinn til slysabóta sökum tómlætis glati hann eðli máls

samkvæmt einnig rétti til endurgreiðslu læknisvottorða samkvæmt 7. mgr. 8. gr. reglnanna.

Stefnda hafnar sem rangri þeirri fullyrðingu stefnanda að stefndu beri að greiða fyrrgreindan kostnað, jafnvel þótt stefnda yrði ekki talin bótaskyld. Stefnda bendir á að stefnandi hafi ekki upplýst nákvæmlega hvenær slysið hefði átt sér stað fyrr en með kröfubréfi 5. september 2016. Stefnda hafi því ekki haft forsendur til að hafna bótaskyldu í upphafi enda hafi þá ekki verið ljóst að stefnandi hefði fyrirgert rétti sínum til slysabóta og því ekki unnt að gera annað en að benda stefnanda á þá fyrirvara sem finna megi í reglum sl-1/90. Hefði stefnandi upplýst um dagsetningu slyssins í upphafi hefði stefnda að öllum líkindum tilkynnt stefnanda að kröfu hennar yrði hafnað með vísan til ákvæðis 10. gr. reglna nr. 1/90. Í móttökubréfi 23. nóvember 2015 sé stefnanda bent á reglur sl-1/90 og þá fyrirvara sem fram komi í þeim og þá sér í lagi frestsákvæði í 10. gr. reglnanna. Stefnda hafi verið auðvelt að kynna sér reglurnar og hafi mátt vera það ljóst að hún hefði fyrirgert rétti sínum til slysabóta. Þá hafi stefnda ítrekað bent á að matsgerð yrði aflað einhliða og á ábyrgð tjónþola. Stefndi hafi hins vegar kosið að láta framkvæma mat á varanlegum afleiðingum vegna slyssins og verði í ljósi alls þess er að framan greini að bera hallann af þeirri vegferð.

Þá byggir stefnda á því að hún beri ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem til hafi fallið vegna slyssins fram til 20. júní 2014 á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar og stefnandi hafi ekki fengið bættan hjá Sjúkratryggingum Íslands, sökum þess að yfirmönnum stefnanda hafi láðst að senda tjonstilkynningu til stofnunarinnar. Um það vísar stefnda til 1. mgr. 65. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, sem sé samhljóða þágildandi 28. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, en samkvæmt ákvæðinu beri tjónþola að fylgjast með því að tilkynningarskyldu atvinnurekanda sé fullnægt. Stefndi hafi ekki gert reka að því að sjá til þess að slysið yrði tilkynnt fyrr en á sumarmánuðum 2016, þegar tæp fjögur ár voru liðin frá slysdegi. Að mati stefndu verði stefnandi að bera ábyrgð á þeim afleiðingum sem hið tæplega fjögurra ára tómlæti hafi haft í för með sér með tilliti til fyrningarreglna Sjúkratrygginga Íslands. Með vísan til alls framangreinds og gagna málsins að öðru leyti telur stefnda að sýkna beri hana af öllum kröfum stefnanda.

Þá gerir stefnda athugasemd við það að í kröfugerð í stefnu krefjist stefndi almennra vaxta samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2001. Stefndi færi hins vegar engin rök fyrir því á hvaða grundvelli stefndu sé skylt að greiða almenna vexti af kröfufjárhæðinni. Almenna vexti skuli aðeins greiða af peningakröfu leiði það af samningi, venju eða lögum, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Ekkert þessara atriða eigi við í málinu. Einnig mótmælir stefnda dráttarvaxtakröfu stefnanda frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Um lagarök vísar stefnda einkum til skaðabótalaga nr. 50/1993 og meginreglna skaðabótaréttar, um sönnun tjóns og sönnunarbyrði, orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Einnig vísar stefnda til reglna nr. sl-1/90, um slysaftryggingar starfsmanna Reykjavíkurborgar vegna slysa í starfi, og til kjarasamnings Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar 4. desember 2005, og breytinga og framlengingar á samningnum frá 29. nóvember 2008, sem í gildi hafi verið hinn 4. maí 2009. Stefnda vísar einnig til laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks, og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og laga nr. 45/2015, um slysaftryggingar almannatrygginga. Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnda til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

#### IV

Eins og rakið hefur verið lenti stefnandi í slysi við störf sín á leikskólanum Sólborgu þann 6. nóvember 2012 og gerir kröfu um bætur úr hendi stefndu vegna varanlegra afleiðinga þess úr slysaftryggingu á grundvelli 8. kafla kjarasamnings Reykjavíkurborgar og Eflingar og reglna nr. sl-1/90, um slys í starfi, sem gilda um skilmála slysaftryggingarinnar. Stefnda hefur hafnað bótaskyldu með vísan til töluliðar 3.8 í 10. gr. framangreindra reglna þar sem stefnandi hafi ekki hafist handa við að afla örorkumats innan þriggja ára frá slysdegi. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort fyrrgreind regla feli í sér að sú vinna þurfi að hefjast innan þriggja ára frá tjónsatburði, eins og stefnda heldur fram, eða hvort nægilegt sé að læknisfræðileg gögn sem örorkumatið byggir á beri vott um ástand tjónþola innan þriggja ára frá tjónsatburði, eins og stefnandi heldur fram.

Í málinu er óumdeilt að stefnandi var slysaftryggð á grundvelli framangreindrar slysaftryggingar á slysdegi 6. nóvember 2012. Enn fremur er ágreiningslaust að hún hlaut 6% varanlega örorku vegna slyssins, eins og matsgerð Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis 2. september 2016 ber með sér. Í matsgerðinni kemur fram að matsbeiðni hafi borist 7. júní 2016 og að matsfundur hafi verið haldinn 16. sama mánaðar. Þar kemur einnig fram að heilsufar stefnanda hafi verið orðið stöðugt þremur mánuðum eftir slysið eða 6. febrúar 2013.

Í 1. tölulið 10. gr. framangreindra reglna nr. sl-1/90 kemur fram að valdi slys þeim sem tryggður sé varanlegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast bætur á grundvelli þeirrar tryggingafjárhæðar sem í gildi er í uppgjörsmánuði bóta samkvæmt 2. tölulið greinarinnar, sbr. 11. gr., eftir þeim reglum sem nánar eru raktar í 3. tölulið 10. gr. Þar er í nokkrum töluliðum fjallað um hvernig örorkumat skuli fara fram. Þar segir í tölulið 3.6 að örorka ákveðist í fyrsta lagi einu ári eftir slysið. Telji slasaði eða Reykjavíkurborg að örorkan geti breyst geti hvor aðili um sig

krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Ákvæði töluliðar 3.8 í framangreindum reglum, sem einkum er deilt um túlkun á í málinu, er svohljóðandi:

Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningalaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegra bóta sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

Sem fyrr greinir lenti stefnandi í slysi við störf sín í þágu stefndu þann 6. nóvember 2012 en ekki var óskað mats á örorku hennar fyrir en 7. júní 2016. Rúmlega þrjú og hálf ár liðu því frá slysinu þar til örorkumats var óskað og tæplega fjögur ár þar til matsgerðin lá fyrir.

Við túlkun einstakra ákvæða í reglunum verður að leggja áherslu á þann skilning sem best samrýmist orðanna hljóðan í samhengi við önnur ákvæði reglnanna. Telur dómurinn að framangreindir tímafrestir samvæmt 10. gr. reglnanna, einkum í töluliðum 3.6 og 3.8, taki mið af því að tilkynnt hafi verið um slysið „eins fljótt og unnt er“ í samræmi við 2. tölulið 8. gr. reglnanna. Í þeim tölulið segir enn fremur að tilkynningu skuli beint að tryggingarfélagi hafi borgin keypt tryggingu en annars til borgarlögmanns. Að þessu gættu er samkvæmt framangreindum töluliðum 10. gr. þó unnt að fresta endanlegu örorkumati í allt að þrjú ár frá slysdegi, sbr. tölulið 3.6 í 10. gr. Samkvæmt orðum töluliðar 3.8, sem jafnframt fær stoð í niðurlagi töluliðar 3.6, verður hins vegar að leggja þann skilning í 10. gr. reglnanna að vinna við að afla örorkumats verði undantekningalaustg að hefjast innan þriggja ára frá því að slysið átti sér stað. Sú túlkun stefnanda að fyrrgreind regla feli í sér skilyrði um að þau læknisfræðilegu gögn, sem örorkumatsgerð byggist á, miðist við líkamlegt ástand stefnanda innan þriggja ára frá slysi, fær hins vegar ekki stoð í orðalagi 10. gr. reglnanna.

Stefnandi telur að túlkun stefndu á 10. gr. reglna nr. sl-1/90 sé í ósamræmi við aðrar reglur sem þar er að finna, þ. á m. 13. gr. þeirra um fyrningu bótaréttar. Í þeirri grein kemur fram að kröfur vegna slysatryggingarinnar fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, þó í síðasta lagi á 10 árum frá slysdegi. Fjögurra ára fyrningafrestur ákvæðisins byrjar samkvæmt ákvæðinu að líða frá öðru tímamarki en frestur í töluliðum 3.6 og 3.8 í 10. gr. og er ekki slitið nema í samræmi við almennar reglur um fyrningu. Að mati dómsins hefur fyrningarregla þessi annan tilgang en

framangreindar reglur þar sem áskilið er að tilkynnt sé um slys svo fljótt sem verða má og að vinna við matsgerð hefjist innan tiltekins tíma. Ekki verða því dregnar ályktanir um inntak þeirra reglna af fyrningarreglu 13. gr. reglnanna.

Stefnandi byggir einnig á því að verði 10. gr. reglnanna túlkuð á þann veg sem að framan greinir hafi skilyrðið um að leita skuli eftir mati innan þriggja ára frá slysdegi átt að koma fram í 8. gr. reglnanna, auk þess sem taka hafi átt mið af þeim áskilnaði í 12. gr. reglnanna. Í 8. gr. reglnanna, sem ber yfirskriftina „Ráðstafanir vegna slyss“ er kveðið á um að leita skuli læknis strax eftir slys og tilkynna um það til borgarlögmans eins fljótt og unnt er. Þá er þar fjallað um aðrar ráðstafanir í kjölfar þessara fyrstu skrefa, s.s. um að senda skuli læknisvottorð og bótakröfu til borgarlögmans þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins. Í 12. gr. eru aftur á móti reglur um bótauppgjör, hvort sem það eru dánarbætur samkvæmt 9. gr. reglnanna eða bætur fyrir varanlega örorku samkvæmt 10. gr., þar sem m.a. er kveðið á um að bætur séu greiddar eftir að læknisvottorð og nauðsynleg sönnunargögn fyrir bótaskyldu hafa borist og unnt er að ákvarða upphæð bótanna. Dómurinn fær ekki séð að efni framangreindra ákvæða í reglunum skarist á þann hátt við 10. gr. sömu reglna að efni sé til þess að túlka þann áskilnað sem þar kemur fram á annan veg en orðalag greinarinnar gefur til kynna og vikið hefur verið að. Þá verður ekki heldur fallist á með stefnanda að slíkt ósamræmi sé milli tímamarka samkvæmt tölulíðum 3.6 og 3.8 í 10. gr. reglnanna að það hafi þýðingu fyrir úrlausn þess ágreinings sem hér er til umfjöllunar.

Eins og rakið hefur verið þykir merking framangreindra ákvæða skýr samkvæmt orðanna hljóðan og verður ekki séð að slíkur vafi geti leikið um túlkun þeirra að efni sé til þess að fallast á þann skýringarkost sem stefnandi teflir fram. Efni ákvæðanna miðar að því að kröfur um slysabætur og aðrar bætur samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem fyrrgreindar reglur gilda um, komi fram af hálfu starfsmanns svo fljótt sem verða má. Ágreiningslaust er að viðkomandi kjarasamningur vísaði til reglnanna sem urðu við það hluti af kjarasamningsbundnum réttindum félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem störfuðu hjá stefnda. Þykja ákvæði þessi í reglunum hvorki óeðlileg né óvenjuleg á þessu sviði.

Ekki verður séð borgarlögmanni hafi verið tilkynnt um slysið fyrr en meira en þrjú ár voru liðin frá slysdegi, en vinna við matsgerð átti þá að vera hafin samkvæmt afdráttarlausum fyrirmælum reglnanna. Tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands gat ekki komið í stað tilkynningar um slysið til borgarlögmans sem fjallað er um í 2. tölulíð 8. gr. reglnanna og áður er getið. Samkvæmt þessu sýndi stefnandi af sér slíkt tómlæti við gæslu réttinda sinna, miðað við þau fyrirmæli sem giltu um slysatrygginguna, að óhjákvæmilegt er að fallast á með stefnda að bótaréttur samkvæmt þeim hafi fallið niður.

Stefnandi gerir einnig kröfu um að stefnda verði dæmd til þess að greiða henni 179.718 krónur vegna útlagðs sjúkrakostnaðar sem til féll frá slysdegi 6. nóvember 2012 og fram til 20. júní 2014. Stefnandi kveður fyrningarreglur Sjúkratrygginga Íslands aðeins bæta útlagðan sjúkrakostnað tvö ár aftur í tímann en samkvæmt gögnum málsins var tilkynning stefnanda um slysið móttækin hjá stofnuninni 20. júní 2016. Eins og rakið hefur verið byggir stefnandi á því að hún eigi rétt á því að fá þennan kostnað bættan á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar stefndu sökum þess að yfirmaður hennar, sem starfi hjá stefndu, hafi týnt upphaflegri tilkynningu sem hafi átt að senda Sjúkratryggingum Íslands í kjölfar slyssins. Stefndi andmælir ekki staðhæfingum stefnanda um að hún hafi ekki fengið útlagðan sjúkrakostnað að fjárhæð 179.718 krónur greiddan úr slysatryggingu almannatrygginga sökum þess að tilkynning um slysið hafi ekki borist Sjúkratryggingum Íslands fyrr en 20. júní 2016.

Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 28. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, sbr. nú 1. mgr. 6. gr. laga nr. 54/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, hvíldi skylda á atvinnurekanda, eða hinum tryggða ef ekki væri um atvinnurekanda að ræða, að senda tafarlaust tilkynningu um slysið í því formi sem krafist væri. Sú skylda hvíldi einnig á hinum slasaða, eða öðrum þeim sem gera vildu kröfu til bóta vegna slyssins, að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni væri fullnægt. Gat viðkomandi leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækti tilkynninguna. Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laganna, sbr. nú 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54/2015, var vanræksla á tilkynningu um slys, heldur ekki því til fyrirstöðu að hinn slasaði gerði kröfu til bóta ef það var gert áður en ár var liðið frá því að slysið bar að höndum. Einnig var heimilt að greiða bætur þó að lengri tími hefði liðið frá slysi ef atvik voru svo ljós að drátturinn torveldaði ekki gagnaöflun um atriði sem máli skiptu.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið átti stefnandi sjálf kost á því að fylgja því eftir að hún fengi umræddan kostnað greiddan úr sjúkratryggingu almannatrygginga þrátt fyrir vanrækslu atvinnurekanda við að tilkynna um slysið í tæka tíð. Verður að telja að stefnandi hafi sjálf sýnt slíkt tómlæti við gæslu réttinda sinna að þessu leyti að óréttmætt sé að tjónið sem af því hefur hlotist verði lagt á stefnda. Af þessum sökum verður stefndi einnig sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Þá gerir stefnandi enn fremur kröfu um að henni verði greiddur útlagður kostnaður vegna læknisvottorða að fjárhæð 71.364 krónur með vísan til 7. tölulið 8. gr. fyrrnefndra reglna nr. sl-1/90, nánar tiltekið 31.364 krónur vegna vottorðs sjúkraþjálfara 7. febrúar 2016, 10.000 krónur vegna vottorðs heimilislæknis 13. maí 2016, og 30.000 krónur vegna matsgerðar Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis 2. september 2016.

Í 7. mgr. 8. gr. reglna sl-1/90 kemur fram að vátryggður fái endurgreidd nauðsynleg læknisvottorð sem aflað er samkvæmt reglunum. Allra framangreindra

læknisvottorða var aflað eftir að stefnanda hafði verið leiðbeint um að afla þyrfti örorkumatsgerðar innan þriggja ára frá slysi samkvæmt tölulið 3.8 í 10. gr. reglna sl. 1/90. Samkvæmt framangreindri niðurstöðu um túlkun ákvæðisins, og þau áhrif sem tómlæti stefnanda hefur samkvæmt því, liggur fyrir að umrædd vottorð voru ekki nauðsynleg. Því er óhjákvæmilegt að sýkna stefnda einnig af þessari kröfu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### DÓMSORÐ:

Stefnda, Reykjavíkurborg, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Berglindar Arnardóttur.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason (sign.)

-----  
Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, 13. júní 2017.

Greitt: 2.000 kr.

